



Fimleikaþing 4. september 2021

Þingskjal nr. _____

Tillaga frá stjórn Fimleikadeildar Fjöltnis um breytinga á skiptingu mótagjalds og greiðslu verðlauna. Stjórn Fimleikadeildar Fjöltnis leggur til að breyting verði gerð á skiptingu mótagjalda og greiðslu á verðlaunakostnaði. Í dag er skiptingin þannig að mótshaldarar fá 1/3 af mótagjaldi auk þess að greiða verðlaunakostnað. Tillagan er tvíþætt og skiptist í A og B lið.

- A) Lagt er til að skipting mótagjalda verði jöfnuð og verði 50/50.**
- B) Fimleikasambandið greiði verðlaunakostnað við mótahald.**

Greinargerðir:

A- Mótagjald

Þegar breytingu á skiptingu mótagjalds FSÍ var samþykkt á sínum tíma voru öll félög sammála um það að nauðsynlegt væri að styrkja betur við landslið Íslands í fimleikum. Þess vegna var samþykkt breyting á skiptingu á mótagjaldi og var þá 1/3 sem átti að fara til FSÍ, 1/3 átti að fara til erlendra verkefna viðkomandi greinar og 1/3 átti að fara til mótahaldara. Á þeim tíma voru styrkir til FSÍ úr afrekssjóði sáralitlir og erfitt var að halda úti landsliðsstarfi. Í dag hefur það landslag breyst til muna og hafa styrkir til Fimleikasambandsins margfaldast. Því teljum við tímabært að fara aftur í jafnari skiptingu á milli FSÍ og mótshaldara og tryggja þar með aukið fjármagn til félaganna sem standa að mótahaldinu.

B- Verðlaunakostnaður

Verðlaunakostnaður er gríðarlegur í mótahaldi hjá Fimleikasambandinu og hafa félögin greitt þann kostnað hingað til. Mikil sóun er í verðlaunum og teljum við að með því að færa kostnaðinn yfir á FSÍ hafi sambandið tækifæri á því að hagræða mikið og nýta það sem pantað er betur. Sem dæmi þá gæti verið hægt að merkja medalíur þannig að þær nýtist á nokkrum mótum yfir árið.

Mótahald er ein af helstu fjáröflunarleiðum félaga sem leggja mikla vinnu á sig við undirbúning og framkvæmd móta. Það skiptir máli að það sé mikill metnaður fyrir mótahaldi og að félögin finni hvata til að halda mótin. Staðan í dag er sú að mörg mót skila litlu í kassa mótshaldara, þetta á sérstaklega við um minni mót með miklum verðlaunakostnaði. Við viljum að það sé eftirsóknarvert að halda mót og að félög séu tilbúin að leggja mikið á sig við framkvæmd mótahalds, því keppendur eiga það svo sannarlega skilið að við gerum upplifun þeirra sem besta. Hér getur aukinn efnahagslegur hvati skipt sköpum fyrir félögin.

Sent til:

Laganefndar Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar _____ nefndar